

## Varpvistfræði sandlóu

Böðvar Þórisson\*, Vigfús Eyjólfsson‡ og Tómas G. Gunnarsson†

\*Náttúrustofa Vestfjarða, Bolungarvík, ‡Mánastígur 2, 220 Hafnarfjörður, †School of Biological Sciences, University of East Anglia, UK

Hér segir frá rannsóknum á varpvistfræði sandlóu sumarið 2004. Athuganirnar fóru fram inni í friðlýstu æðarvarpi við Holt í Öfundarfirði og í fjöru við Stokkseyri. Varphéttleiki á báðum svæðum var með því hæsta sem þekkist, um 50 pör/km<sup>2</sup> við Holt og 138 pör á km<sup>2</sup> við Stokkseyri. Þó var mun styttra milli hreiðra við Holt (55 m, stfrv. 4,9) en við Stokkseyri (141 m, stfrv. 14,4) sem endurspeglar mikla hnappdreifingu hreiðra við Holt. Sandlóur fóru almennt að liggja á upp úr miðjum maí á báðum svæðum. Við Holt klöktust egg úr nær öllum hreiðrum (lífslíkur/dag:  $0,99 \pm 0,005$ ). Við Stokkseyri misfórust nær öll hreiður ( $0,94 \pm 0,015$ ) framan af varptímanum en tímasetning hreiðurfundar spáði rétt fyrir um örlög hreiðurs í um 80% tilvika þar sem lífslíkur hreiðra bötnuðu mikið þegar leið á sumarið. Margar sandlóur urpu aftur við Stokkseyri og hjá einu pari voru þrjár varptilraunir staðfestar. Karlfuglar dvöldu að jafnaði lengur á varpstöðvum en kvenfuglar eins og algengt er meðal vaðfugla. Ennfremur dvöldu sandlóur lengur við Stokkseyri þar sem varp dróst á langinn. Síðustu varpfuglar við Stokkseyri sáust 15. ágúst og síðasti fleygi unginn af svæðinu sást 28. ágúst. Við Holt sást síðasti varpfuglinn 29. júlí.